

AUGLÝSING

um deiliskipulagsmál í Akraneskaupstað.

Deiliskipulag Akratorgsreits, Suðurgata 119 og 121.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkti 22. september 2020 breytingu á deiliskipulagi Akratorgsreits vegna Suðurgötu 119 og 121. Breytingin felur í sér hækkun á þaki á útbyggingu á Suðurgötu 119 og 120, í allt að 4,60 m og setja svalir á rishæð. Byggingarreitur er skilgreindur á lóð nr. 119 til stækkunar á núverandi bílgeymslu um allt að 38,5 m², hámarksænishæð bílskúrs verður allt að 5,85 m. Heimilt nýtingarhlutfall fyrir breytingu var 0,45, verður eftir breytingu 0,47.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag Jaðarsbakka, breyting.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkti 22. september 2020 breytingu á deiliskipulagi Jaðarsbakka. Breytingin felur í sér að reitur 3, sem skilgreindur var fyrir fjölnotahús/íþróttamiðstöð 2h verður fjölnotahús/íþróttamiðstöð 2 hæðir og kjallari. Jafnframt er byggingarreitur stækkaður 5-7 metra til norðurs.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Akranesi, 29. september 2020.

Sigurður Páll Harðarson,
sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.